

AÐALFUNDUR VÍSINDAGARÐA HÁSKÓLA ÍSLANDS EHF. 2019,

SKV. GR. 3.2 Í SAMÞYKKTUM FÉLAGSINS

Fimmtudaginn 27. maí 2020 var haldinn aðalfundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. (VHÍ) 2019. Fundurinn var haldinn á Háskólatorgi og hófst kl. 15.00.

Hilmar Bragi Janusson, forstjóri Genís og formaður stjórnar, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Hilmar Bragi bar upp tillögu um að Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektror vísinda, yrði fundarstjóri.

– Samþykkt einróma.

Guðbjörg Linda tók við fundarstjórn og greindi frá því að boðað hefði verið til þessa aðalfundar í samræmi við gr. 3.2 í samþykktum félagsins. Til fundarins voru mættir fulltrúar beggja hluthafa, Háskóla Íslands (94,6% hlutur) og Reykjavíkurborgar (5,4% hlutur). Fundarstjóri lýsti fundinn löglegan og bar upp tillögu um að Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu, yrði fundarritari.

– Samþykkt einróma.

Fundargerð síðasta aðalfundar var send fulltrúum beggja hluthafa í kjölfar fundarins og gerðu þeir ekki athugasemd við hana.

– Samþykkt einróma.

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.

Hilmar Bragi skýrði frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári. Að framsögu Hilmars Braga lokinni gaf fundarstjóri orðið laust, en enginn tók til máls.

2. Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðanda lagður fram til samþykktar.

Fyrir fundinum lá ársreikningur VHÍ 2019, áritaður af ríkisendurskoðanda. Heiðar Þór Karlsson, endurskoðandi hjá Deloitte, fór yfir ársreikninginn. Fundarstjóri gaf orðið laust en ekki komu fram spurningar og bar þá fundarstjóri ársreikninginn upp til samþykktar.

– Ársreikningur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. fyrir árið 2019 samþykktur einróma.

3. Kosning stjórnar félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmanna.

Samkvæmt samþykktum fyrir Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. eru fimm menn í stjórn sem kjörin er á aðalfundi ár hvert. Fulltrúar Háskóla Íslands eru fjórir og fulltrúi Reykjavíkurborgar einn.

Fyrir fundinum lá tillaga um að stjórn VHÍ verði þannig skipuð til næsta aðalfundar: Sigurður Magnús Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs, formaður (fulltrúi HÍ), Eva Sóley Guðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Icelandair (fulltrúi HÍ), Guðmundur Hafsteinsson, frumkvöðull (fulltrúi HÍ), Margrét Helga Ögmundsdóttir, dósent við Læknadeild, og Óli Jón Hertervig, skrifstofustjóri hjá

Reykjavíkurborg (fulltrúi Reykjavíkurborgar). Til vara: Daði Már Kristófersson, prófessor og fráfarandi forseti Félagsvísindasviðs (1. varamaður), og Anna Sigríður Ólafsdóttir, prófessor og fráfarandi forseti Deildar heilsuefningar, íþróttar og tómstunda við Menntavísindasvið (2. varamaður).

– Samþykkt einróma.

Ríkisendurskoðun annist áfram endurskoðun ársreiknings.

– Samþykkt einróma.

4. Ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.

Hilmar Bragi gerði stuttlega grein fyrir því að stjórnin vinnur samkvæmt samþykktum VHÍ og vísaði að öðru leyti til skýrslu stjórnar og ársreikninga.

– Samþykkt einróma.

5. Ákvörðun um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á komandi starfsári.

Fyrir fundinum lá tillaga um þóknun til stjórnar sem byggir á uppreiknaðri launavísitölu frá síðustu ákvörðun greiðslu til stjórnarmanna 2016.

– Samþykkt einróma.

6. Önnur mál löglega upp borin.

Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, óskaði nýrri stjórn velfarnaðar og þakkaði Steinunni J. Kristjánsdóttur og Stefáni Eiríkssyni sem gengu úr stjórn fyrir vel unnin störf. Sérstaklega þakkaði rektor Hilmar Bragi Janussyni fyrir áralangt farsælt og árangursríkt starf sem formaður stjórnar VHÍ. Lýsti rektor þeirri skoðun sinni að VHÍ væri einn helsti vaxtarbroddur Háskóla Íslands og lagði áherslu á gott samstarf við yfirstjórn Háskólans.

Fleira var ekki gert. Aðalfundi Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. 2019 slitið kl. 15.30.